



Námssmiðja í náttúrutengdri ferðapjónustu

Dagana 5. og 6. maí verður haldin námssmiðja fyrir hagsmunaðila og áhugafólk um ferðapjónustu á Norðausturlandi. Námssmiðjan er hluti af stefnumótunarvinnu AP í ferðamálum á svæðinu, og að henni koma innlendir og erlendir fræðimenn auk frumkvöðla úr heimabyggð. Dagskráin skiptist í tvö þemu og verður einn dagur helgaður hvoru.

5. maí á Húsavík, verður fjallað um sjávar tengda ferðapjónustu almennt, og hvalaskoðun tekin sem dæmi um vel heppnaða vörupróun. Frummælandi verður Dr. Michael Lück, dósent við ferðamálaskóla Aukland University of Technology. Einnig flytja erindi Hreiðar Þór Valtýsson, lektor við Háskólann á Akureyri og Dr. Marianne Helene Rasmussen, sjávarspendýrafræðingur og forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Húsavík. Þátttakendur munu fara í hvalaskoðun og heimsækja Hvalasafnið, þar sem Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður Ferðamálaseturs Íslands og Dr. John Hull sérfræðingur frá Nýja Sjálandi stýra umræðum.

6. maí verður haldið í Mývatnssveit og fjallað um náttúrutengda ferðapjónustu með áherslu á fugla og fuglaskoðun. Frummælandi dagsins verður Carol Patterson, ferðapjónusturáðgjafi og leiðbeinandi við Háskólann í Calgary. Þorkell Lindberg Þórarinnsson, dýravistfræðingur og forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands flytur erindi og leiðir hópinn í fuglaskoðun. Fuglasafn Sigurgeirs verður heimsótt og umræður undir stjórn Dr. Edward H. Huijbens og Dr. John Hull fara fram í Vogafjösi.

Áhugasamir hafi samband við Vilborgu Gissurardóttur hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga í síma 464-0413 eða vilborg@atthing.is. Dagskrá og nánari upplýsingar má finna á www.atthing.is

